

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar.*

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri aðkomuleið að lóðum við Vörðuás 5-11 og 14-20 sem verður frá Skarðavegi um Mosahverfi, vestan Vörðuáss þar sem fyrir er skipulögð veglína.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2013.

2. *Breyting á deiliskipulagi Laugaráss, Klettaborg.*

Í breytingunni felst að lóðin Klettaborg sem er 14.500 m<sup>2</sup> að stærð skiptist í tvær 7.250 m<sup>2</sup> lóðir, Holtsgötu 13a og 13b.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2013.

3. *Breyting á deiliskipulagi aðkomu að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils, Hakið.*

Í breytingunni felst að við Hakið er gert ráð fyrir nýrri lóð undir 100 m<sup>2</sup> starfsmannahús á einni hæð, sem verður í samræmi við hæð, útlit og byggingarefní fræðslumiðstöðvar og salernishúss sem fyrir eru á Hakini.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2013.

4. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis VM í landi Snorrastaða.*

Í breytingunni felst að breyting verður á legu vegar að fyrirhuguðu tjaldstæði félags VM í landi Snorrastaða. Vegna breytrar aðkomu er fyrirhugað móttökumóti og þjónustuhús flutt til innan svæðisins.

Samþykkt í byggðarráði 27. júní 2013.

5. *Deiliskipulag tveggja frístundalóða í landi Iðu I, Hamarsvegur 1 og 3.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum undir frístundabyggð og eru þær báðar byggðar. Á öðrum byggingarreitnum er heimilt að byggja nýtt hús, allt að 200 m<sup>2</sup> að stærð, ásamt svefnhúsi, gróðurhúsi eða geymslu allt að 30 m<sup>2</sup> að stærð.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. júlí 2013.*

Skipulagsfulltrui uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**